


Lillemor bylgjuteppi

Uppskrift: Elín Kristín Guðrúnardóttir aka Fidgety Hands



#FidgetyHandsCrochet
#HandverkskúnnstGarnbúð
Fylgdu mér Elínu á [Instagram](#)
Fylgdu Handverkskúnnst á [Instagram](#)

Garn: [Lillemor by Permin](#) (25g/100m),

Fæst hjá [Handverkskúnst](#).

- 3 dokkur – hvítur, litur nr. 01
- 3 dokkur – bleikur, litur nr. 05
- 3 dokkur – grár, litur nr. 07
- 3 dokkur – dökkgrár, litur nr. 06

Heklunál: 3 mm

Teppastærð: ca 70 cm á breidd og 90 cm á lengd eftir þvott. Teppað stækkar aðeins eftir þvott því mynstrið í því opnar sig betur.

Skammstafanir:

sl. – sleppa

L – lykkja

LL – loftlykkja

LL-bil – loftlykkjubil

FP – fastapinni

ST – stuðull

2STsam – 2 stuðlar heklaðir saman

Nánari útskýringar með myndum er að finna neðst í uppskriftinni.

Uppskriftin:

Fitjið upp 172 L – eða margfeldið af 14 + 4.

1. umf: Heklið 1 ST í þriðju LL frá nálinni (*þessar 2 LL sem sleppt er teljast ekki með*), *2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 4 L, 2STsam x 2, 1 ST í næstu 4 L, 2 ST í næstu L*, endurtakið frá * að * 11 sinnum til viðbótar, eða þar til 1 L er eftir af umf, 1 ST í síðustu L.



2. umf: Heklið 2 LL (*telst ekki með*), 1 ST í fyrstu L, *2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 2 L, 2 LL, sl. 2 L, 1 ST í næstu L, sl. 2 L, 1 ST í næstu L, 2 LL, sl. 2 L, 1 ST í næstu 2 L, 2 ST í næstu L*, endurtakið frá * að * 11 sinnum til viðbótar, eða þar til 1 L er eftir af umf, 1 ST í síðustu L.

3. umf: Heklið 2 LL, 1 ST í fyrstu L, *2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 3 L, 2 LL, sl. LL-bili, 1 FP á milli næstu 2 ST, 2 LL, sl. LL-bili, 1 ST í næstu 3 L, 2 ST í næstu L*, endurtakið frá * að * 11 sinnum til viðbótar, eða þar til 1 L er eftir af umf, 1 ST í síðustu L.

4. umf: Heklið 2 LL, 1 ST í fyrstu L, *2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 3 L, 2 ST í næstu L, sl. [LL-bil + FP + LL-bil], 2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 3 L, 2 ST í næstu L*, endurtakið frá * að * 11 sinnum til viðbótar, eða þar til 1 L er eftir af umf, 1 ST í síðustu L.

Skiptið um lit.

5. umf: Heklið 2 LL, 1 ST í fyrstu L, *2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 4 L, 2STsam x 2, 1 ST í næstu 4 L, 2 ST í næstu L*, endurtakið frá * að * 11 sinnum til viðbótar, eða þar til 1 L er eftir af umf, 1 ST í síðustu L.

6. umf: Heklið 2 LL, 1 ST í fyrstu L, *2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 2 L, 2 LL, sl. 2 L, 1 ST í næstu L, sl. 2 L, 1 ST í næstu L, 2 LL, sl. 2 L, 1 ST í næstu 2 L, 2 ST í næstu L*, endurtakið frá * að * 11 sinnum til viðbótar, eða þar til 1 L er eftir af umf, 1 ST í síðustu L.

7. umf: Heklið 2 LL, 1 ST í fyrstu L, *2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 3 L, 2 LL, sl. LL-bili, 1 FP á milli næstu 2 ST, 2 LL, sl. LL-bili, 1 ST í næstu 3 L, 2 ST í næstu L*, endurtakið frá * að * 11 sinnum til viðbótar, eða þar til 1 L er eftir af umf, 1 ST í síðustu L.

8. umf: Heklið 2 LL, 1 ST í fyrstu L, * 2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 3 L, 2 ST í næstu L, sl. [LL-bil + FP + LL-bil], 2 ST í næstu L, 1 ST í næstu 3 L, 2 ST í næstu L*, endurtakið frá * að * 11 sinnum til viðbótar, eða þar til 1 L er eftir af umf, 1 ST í síðustu L.

Skiptið um lit.




Endurtakið 5.-8. umferðir 24 sinnum, eða þar til teppið hefur náð æskilegri lengd. Heklið svo 9. umferð einu sinni.

9. umf: Heklið 1 LL, 1 FP í fyrstu L, *2 FP í næstu L, 1 FP í næstu 4 L, sl. 1 L, 1 FP í næstu 2 L, sl. 1 L, 1 FP í næstu 4 L, 2 FP í næstu L, endurtakið frá * að * 11 sinnum til viðbótar, eða þar til 1 L er eftir af umf, 1 FP í síðustu L.

Slítið frá, gangið frá endum og njótið 😊

2 stuðlar heklaðir saman – úrtaka:

Sláið bandinu upp á nálina, stingið nálinni í næstu lykkju, sláið upp á og dragið í gegn, 3 lykkjur á nálinni, sláið upp á og dragið í gegnum 2 lykkjur, 2 lykkjur á nálinni (mynd 1), sláið upp á og stingið nálinni í næstu lykkju (mynd 2), sláið upp á og dragið í gegn, 4 lykkjur á nálinni, sláið upp á og dragið í gegn um 2 lykkjur, 3 lykkjur á nálinni, sláið upp á og dragið í gegnum allar 3 lykkjurnar (mynd 3), 1 lykkja eftir á nálinni og 2 stuðlar hafa verið heklaðir saman.



Ef þú ert með einhverjar spurningar varðandi uppskriftina hafðu þá samband við mig á

[Ravelry](#), [Etsy](#) eða [Instagram](#)

Einnig er ég oftast til taks uppí Handverkskúnst.

Ég vona að þér hafi fundist skemmtilegt að hekla þetta mynstur.

Ef þú póstar mynd á IG væri æðislegt ef þú myndir nota myllumerkin

[#LillemorCrochetPattern](#) & [#FidgetyHandsCrochet](#) & [#HandverkskúnstGarnbúð](#)

Mér finnst svo gaman að sjá það sem aðrir hekla 😊

© Handverkskúnst 2024, Elín Kristín Guðrúnardóttir

Þessi uppskrift er til einkanota, ekki gefa hana áfram

heldur bentu á hvar hægt er að nálgast hana